

**575. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn
26. janúar 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Þóra Marý Arnórsdóttir formaður, Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Daníel Jakobsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðfinna M Hreiðarsdóttir, Jóna Símonía Bjarnadóttir aðalmaður og Björgvin Hilmarsson aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

Þóra Marý Arnórsdóttir yfirlit fundinn klukkan 9:30.

1. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2020-2032 - 2020070011

Skipulags- og mannvirkjanefnd fer með skipulagsmál, þ.m.t. umhverfismat skipulagsáætlana skv. skipulagslögum.

Nefndin annast í umboði sveitarstjórnar vinnslu, kynningu og afgreiðslu aðalskipulags.

Skipulags- og mannvirkjanefnd mun auk þess endurskoða og móta stefnu um byggð.

Skýrslur til að kynna sér:

- Slökkvistöð, staðarvalsgreining.
- Uppfærð húsnæðisáætlun.
- Lóðaframboð.
- Skýrsla um skíðasvæðið.

Undirkaflar eru kafli 7 og 12:

-7 BYGGÐ, allur kaflinn.

-12 SAMGÖNGUR allur kaflinn nema 12.7 Hafnir.

Er núverandi stefna fullnægjandi (engar breytingar.)

Hvað hefur breyst í núverandi stefnu, hvað er búið að gera og dettur út, ný viðhorf, nýjar áætlanir, framtíðarsýn. Hefur breytingin áhrif á landnotkun?

Lagt er til að nefndin haldi sérstakan fund um stefnumótunina.

Annars vegar er um að ræða greinargerð gildandi aðalskipulags og hins vegar uppdrætti (þéttbýlisuppdrátt, dreifbýli norðan Djúps og dreifbýli sunnan Djúps).

Vinna við uppfærslu greinargerðar aðalskipulags, kynnt af ráðgjafa Arkís, fyrir nefndinni. Ákveðið að halda sameiginlegan vinnufund með umhverfis- og framkvæmdanefnd næst, vegna áframhalds á uppfærslu á aðalskipulaginu.

*Umræður fóru fram á fundinum varðandi stöðu lóðamála á Suðurtanga.
Sviðsstjóra falið að semja erindi og leggja fyrir bæjarráð.*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00

Þóra Marý Arnórsdóttir

Anton Helgi Guðjónsson

Guðfinna M Hreiðarsdóttir

Jóna Símonía Bjarnadóttir

Björgvin Hilmarsson

Axel Rodriguez Överby

Helga Þuríður Magnúsdóttir